

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Guðni Jónsson, greiði 600 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 35 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði til rikissjóðs í þrefaldan verðtoll og viðskiptagjald kr. 2693.25 og tvöfalt verð hins útflutta gulls, kr. 700.80.

Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. febrúar 1938.

Nr. 46/1935. Ísfélag Vestmannaeyja h/f

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

firmanu Gunnar Ólafsson & Co.

(Jón Ásbjörnsson).

Mál um greiðslu á vöruúttekt.

Varadómari prófessor Ísleifur Árnason í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir gert þær kröfur hér fyrir dómi, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 2216.56 með 6% ársvöxtum frá 15. ágúst 1934 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati dómsins.

Stefndur krefst hinsvegar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eins og frá er skýrt í hinum áfrýjaða dómi, greinir

aðilja máls þessa á um það, hvort hinu stefnda firma beri að greiða andvirði beitu, sem út var tekin hjá áfrýjanda árið 1926 til vélbátanna „Úndínu“ og „Enoks“, sem þá voru eign verzlunar A. Bjarnasen kaupmanns, vélbáturinn „Enok“ þó aðeins að nokkrum hluta. Nam andvirði úttekinnar beitu til bátanna þetta ár kr. 2595.65, en áfrýjandi telur stefnda skulda sér nú, samkvæmt viðskiptareikningi þeirra á milli, fjárhæð þá, kr. 2216.56, sem fyrir er stefnt.

Í málinu er það upplýst, að árið 1924 hafði Útibú Íslandsbanka í Vestmannaeyjum krafizt þess af verzlun A. Bjarnasen, að hún fengi sér tilsjónarmann með rekstri sínum, og hafði Gunnar kaupmaður Ólafsson, sem er einn af þremur eigendum hins stefnda firma, tekizt á hendur í samráði við útibúið eftirlit með rekstri báta verzlunar A. Bjarnasen. Hefir útibúið vottað, að það hafi verið Gunnar Ólafsson persónulega, en ekki hið stefnda firma, sem eftirlitið tókst á hendur.

Aðiljar eru sammála um það, að andvirði beitu til nefndra báta árin 1924 og 1925 hafi áfrýjandi fengið greitt frá hinu stefnda firma. Kveðst firmað hafa keypt fisk bátanna þessi ár og greitt beituna af andvirði fisksins eftir tilvísun eiganda þess eða annara, sem á því höfðu ráðstöfunarrétt. Hinsvegar kveðst firmað ekki hafa keypt fisk bátanna árið 1926, og hafi þess því ekki verið að vænta, að greiðsla kæmi frá því fyrir beituúttekt þeirra það ár.

Ekkert er upplýst um það í málinu, hver hafi beðið um eða veitt móttöku beitu til nefndra báta árið 1926, en hið stefnda firma hefir ákveðið mótmælt því, að það eða nokkur fyrir þess hönd hafi átt nokkurn þátt í því. Eftirlitsstarf Gunnars Ólafssonar

með rekstri bátanna þetta og undanfarin tvö ár verður heldur ekki talið þannig lagað, að áfrýjandi hafi þess vegna haft ástæðu til að ætla, að hið stefnda firma yrði ábyrgt fyrir úttekt til bátanna. Og þó að áfrýjandi hafi fengið greidda beituúttekt oftnefndra báta árin 1924 og 1925 frá hinu stefnda firma, vegna ávísunar (innskriftar) frá þeim, sem hafði ráðstöfunarrétt yfir fiskandvirði bátanna þessi ár, þá gat hann ekki vegna þess eins vænt þess, að sama mundi verða árið 1926, og í því trausti skuldað firmað fyrir úttekt bátanna það ár.

Samkvæmt framansögðu verður ekki talið sannað, að hið stefnda firma hafi orðið ábyrgt fyrir greiðslu umræddrar skuldar, er hún stofnaðist árið 1926. Kemur þá til athugunar, hvort firmað hafi með einhverjum aðgerðum sínum orðið ábyrgt fyrir henni síðar. Eins og frá er skýrt í héraðsdóminum, hafði áfrýjandi fært hinu stefnda firma til skuldar oftnefnda fjárhæð, kr. 2595.65, á reikningi firmans árið 1926. Er upphæðin talin þar „innskrift“, án þess að tilgreint sé, frá hverjum, og er henni þegar árið 1926 haldið aðgreindri frá öllum öðrum „innskriftum“, sem áfrýjandi skuldar hið stefnda firma fyrir það ár, og tilfærðar eru í einu lagi. Nefnd upphæð hefir síðan þá sérstöðu á reikningi stefnds í bókum áfrýjanda árin 1927 til 1930, að hennar er jafnan getið í sambandi við færslur milli ára, þannig, að mismunur á viðskiptareikningi aðilja í lok hvers árs er eftir atvikum dreginn frá upphæðinni eða lagður við hana, og bendir það til þess, að áfrýjandi hafi þá talið þetta vafaskuld. Ekkert er upplýst um, að hið stefnda firma hafi á þessum árum eða síðar undirgengizt berum orðum að greiða skuldina. Þvert á móti virðist það jafnan hafa mótmælt henni eftir að

til tals kom um hana milli aðilja. Það hefir eigi heldur verið upplýst gegn neitun hins stefnda firma, að það hafi fengið viðskiptareikninga frá áfrýjanda, þar sem skuld þessi væri tilfærð, og kemur því eigi til álita viðurkenning þess á skuldinni með mótmælausri viðtöku á slíkum reikningum. Og ekki verður það heldur talin nein viðurkenning firmans á skuldinni, þó að einn af eigendum þess, fyrrnefndur Gunnar Ólafsson, hafi verið endurskoðandi Ísfélags Vestmannaeyja h/f, og hafi ekki í þeirri veru gert sérstakar athugasemdir við ársreikning félagsins fyrir árið 1926 né fylgiskjöl með honum, þó að hin umdeilda skuld væri þá tilfærð á reikningi hins stefnda firma. Um endurskoðun þá, sem fram fór 1931 á ársreikningi félagsins fyrir árið 1929, er sama að segja, auk þess sem maður sá, sem þá endurskoðaði reikninginn ásamt Gunnari Ólafssyni, hefir borið það sem vitni, að Gunnar hafi þá mótmælt því við þáverandi framkvæmdarstjóra félagsins, að hið stefnda firma væri skuldað fyrir nefndri fjárhæð.

Með því að þannig brestur sönnun fyrir því, að hið stefnda firma sé ábyrgt fyrir greiðslu skuldar þeirrar, sem stefnt er fyrir í máli þessu, þá verða kröfur áfrýjanda hér fyrir rétti ekki til greina teknar. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en þó með þeirri breytingu, að sekt sú, sem málflytjanda stefnds í héraði, Gunnari Ólafssyni, hefir verið gert að greiða, á að renna í ríkissjóð, sbr. nú 187. gr. laga nr. 85/1936, og ákveðst greiðslufrestur hennar 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að framangreind sekt renni í ríkissjóð, og verði greiðslufrestur hennar 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Áfrýjandi, Ísfélag Vestmannaeyja h/f, greiði stefnda, firmanu Gunnar Ólafsson & Co, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur gestaréttar Vestmannaeyja 23. febr. 1935.

Mál þetta hefir stefnandi, Ólafur Auðunsson útgerðarmaður f. h. Ísfélags Vestmannaeyja h/f hér í bænum, höfðað hér fyrir gestaréttinum, samkvæmt heimild í lögum nr. 59 10. nóvember 1905, með stefnu útgefinni þann 15. ágúst f. á. gegn eigendum firmans Gunnar Ólafsson & Co hér í bænum, þeim Gunnari Ólafssyni konsúl, til heimilis Vík, Jóhanni Þ. Jósefssyni alþingismanni, til heimilis Fagurlyst, og Sigurði Gunnarssyni kaupmanni, til heimilis Heimagötu 25, öllum hér í bænum, f. h. nefnds firma til greiðslu á skuld að upphæð kr. 2216.56 samkvæmt reikningi.

Stefnandi hefir krafizt þess, að stefndir verði dæmdir til þess f. h. nefnds firma að greiða stefnanda framangreinda skuld, kr. 2216.56, með 6% vöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, og nemur hann samkvæmt framlögðum reikningi, sem kemur heim við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá Málflutningsmannafélags Íslands, kr. 225.00.

Stefndir hafa mótmælt öllum framangreindum kröfum stefnanda og krafizt sýknu af þeim og krafizt þess, að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða stefndum málskostnað í málinu.

Er mál þetta kom hér fyrir í réttinum þann 6. desember s. l., mætti stefnandi eigi í því og enginn af hans hálfu, en

stefnandi hafði þá í næsta réttarhaldi í málinu á undan fengið frest í málinu til nefnds dags og skjöl málsins léð, og voru þau því þá í vörzlum stefnanda, en stefndir létu mæta í málinu nefndan dag (12. (sic) des. s. l.) og kröfðust stefndir þá á ný sýknu í málinu, og stefnandi yrði dæmdur til þess að greiða þeim 300 krónur í málskostnað, og sætti sú krafa engum andmælum í því þinghaldi, og var málið þá tekið undir dóm, en stefnandi skilaði skjölum málsins til dómarsans eftir það, og verður því dæmt í málinu samkvæmt öllum þeim skjölum, sem fram hafa verið lögð í því, auk þess sem á annan hátt er komið fram í málinu.

Tildrög málsins eru þau, eftir því sem upplýst er í málinu, að um mörg undanfarin ár fram á 1933 hafði hið stefnda firma ýms viðskipti við stefnda (Ísfélag Vestmannaeyja h/f), og hefir stefnandi lagt fram í málinu sundurliðaðan reikning yfir umrædd viðskipti frá byrjun ársins 1925 og þar til viðskiptin hættu, sem notarialiter staðfestan útdrátt úr viðskiptamannahöfuðbók stefnanda.

Stefndir hafa kannazt við að hafa haft viðskipti við stefnanda á umræddum tíma, en halda fram, að þeir skuldi stefnanda ekki neitt út af þeim viðskiptum og hafa þeir mótmælt sérstaklega lið að upphæð kr. 2595.65, sem þeir eru skuldaðir um á framangreindum reikningi, sem „innskriftir“ árið 1926, án þess nokkur dagsetning sé tilfærð við skuldalið þennan á hinum framlagða reikningi stefnanda, og telja stefndir sig ofskuldaða um þessa upphæð, en öðrum skuldaliðum í umræddum reikningi hafa stefndir ekki mótmælt, en framangreinda upphæð telja stefndir vera söluandvirði beitu, er verzlun A. Bjarnasen hér í bænum, sem einnig virðist hafa verið nefnd verzlunin „Dagsbrún“, hafi fengið umrætt ár hjá stefnanda handa vélbátum sínum, „Undína“ og „Enok“, og hefir stefnandi viðurkennt, að umrædd skuldarupphæð í framangreindum reikningi sé til komin á þann hátt, er stefndir halda fram, en stefnandi heldur fram, að stefndir eða stefndur Gunnar Ólafsson f. h. hins stefnda firma hafi lofað að greiða stefnanda beituúttekt framangreindra vélbáta umrætt ár, og hafi beituúttekt báta þessara á því ári því verið færð hinu stefnda firma til skuldar í verzlunarbókum stefnanda, og heldur fram, að stefndu beri því að borga stefnanda upphæð þessa.

Stefndir hafa ekki mótmælt því, að framangreindir vél-

bátar fyrrnefndrar verzlunar hafi fengið beitu hjá stefnanda fyrir umrædda fjárhæð árið 1926, en hafa eindregið mótmælt því, að hið stefnda firma eða nokkur fyrir þess hönd hafi skuldbundið firmað til þess að greiða stefnanda andvirði beituúttektar þessarar, og beri þeim því ekki að borga hana, og halda stefndir fram, að þeir hafi ætíð neitað að borga stefnanda þessa upphæð.

Stefnandi hefir ekki tilgreint neitt nánar, hvenær eða á hvern hátt stefndir hafi skuldbundið sig til þess að greiða stefnanda umrædda beituúttekt, en virðist halda því fram, að stefndur Gunnar Ólafsson hafi f. h. hins stefnda firma munnlega skuldbundið sig til þess f. h. firmans gagnvart þáverandi framkvæmdarstjóra Ísfélags Vestmannaeyja h/f, Árna Filippussyni, sem nú er látinn.

Stefnandi hefir lagt fram í málinu vottorð dags. þann 1. febrúar 1931 viðvikjandi endurskoðun á reikningum Ísfélags Vestmannaeyja h/f fyrir árið 1929, undirritað af stefndum Gunnari Ólafssyni og Friðrik nokkrum Þorsteinssyni, sem þá voru endurskoðendur nefnds hlutafélags, en í vottorði þessu votta nefndir endurskoðendur, að reikningar félagsins séu nákvæmir, án þess að færa fram neinar athugasemdir út af framangreindri færslu á framangreindri beituúttekt stefndu til skuldar. Svo hefir stefnandi og lagt fram í málinu notarialiter staðfest eftirrit af vottorði dags. 29. desember 1927, undirrituðu af stefndum Gunnari Ólafssyni og Páli Bjarnasyni skólastjóra, sem þá voru endurskoðendur fyrrnefnds hlutafélags, viðvikjandi endurskoðun á reikningum hlutafélagsins fyrir árið 1926, en samkvæmt vottorðseftirriti þessu votta nefndir endurskoðendur, að þeir hafi farið yfir rekstursreikning og efnahagsreikning hlutafélagsins fyrir árið 1926 og borið þá saman við fylgiskjöl og bækur félagsins og ekkert fundið athugasemdir við reikningsfærsluna, og taka fram, að reikningarnir séu gerðir með hinni mestu nákvæmni, án þess gerðar séu nokkrar athugasemdir viðvikjandi færslu framangreindrar beituúttektar í reikning hins stefnda firma í bókum stefnanda.

Endurskoðunarvottorð þessi vill stefnandi telja sönnun fyrir því, að stefndur Gunnar Ólafsson hafi talið umrædda beituúttekt réttilega færða hinu stefnda firma til skuldar, er endurskoðanir þessar fóru fram, en annars hefir stefnandi ekki fært fram í málinu nein gögn til sönnunar stað-

hæfingum sínum um, að hið stefnda firma hafi upphaflega lofað að greiða stofnanda framangreinda beituúttekt eða viðurkennt hana síðar sem sína skuld, en umrædd endurskoðunarvottorð og framangreindan staðfestan útdrátt úr viðskiptamannahöfuðbók stefnanda, og hefir stefnandi eigi, þrátt fyrir áskorun stefndra, lagt fram í málinu eftirrit úr frumbókum sínum viðvikjandi umræddri beituúttekt, og er ekkert upplýst um það í máli þessu af hálfu stefnanda, hvort úttekt þessi er færð hinu stefnda firma til skuldar í frumbókum stefnanda, en stefndir halda fram, að firmað sé ekki skuldað um umrædda beituúttekt í frumbókum stefnanda. En auk framangreindra gagna, hefir stefnandi fært fram til stuðnings staðhæfingu sinni um, að hið stefnda firma hafi tekið að sér að greiða beituúttekt framangreindra vélbáta umrætt ár, að firmað hafi tekið að sér að greiða og greitt beituúttket verzlunar A. Bjarnasen til framangreindra báta árin 1924 og 1925, að hið stefnda firma, eða stefndur Gunnar Ólafsson, hafi árið 1926, sem og árin 1924 og 1925, hafi á hendi umsjón með útgerð umræddra vélbáta og keypt fiskafla þeirra, og að stefndir hafi eigi mótmælt því, að þeim bæri að greiða beituúttekt þess, fyrr en eftir að fyrrnefndur Árni Filippusson hafi verið látinn, en hann lézt þann 6. janúar 1932, en hætti störfum hjá hlutafélaginu 1. september 1931, eftir því sem stefnandi hefir ómótmælt haldið fram í málinu. En ekki er upplýst neitt í málinu um, hvort stefndir hafi fengið reikninga yfir viðskiptin frá stefnanda, og hefir stefnandi ekki gert neina grein fyrir því í málinu, hvort stefndu hafi nokkurn tíma verið sendur sundurliðaður reikningur yfir viðskiptin eða eigi.

Stefndir hafa ómótmælt haldið því fram, að framangreint notarialiter staðfest eftirrit af endurskoðunarvottorði á rskj. nr. 24 viðvikjandi endurskoðun á reikningum Ísfélags Vestmannaeyja h/f fyrir árið 1926 sé tekið eftir og staðfest samkvæmt eftirriti af hinu upphaflega vottorði, en ekki eftir frumritinu, og hafa mótmælt eftirriti þessu sem röngu, án þess að stefnandi hafi lagt fram frumrit vottorðsins eða fært á annan hátt sönnun fyrir því, að eftirrit það, er hið staðfesta eftirrit var tekið eftir, sé rétt, og hefir skjal þetta því þegar af þeirri ástæðu ekkert sönnunargildi í máli þessu.

Að því er snertir framangreint endurskoðunarvottorð fyrir árið 1929 (rjskj. 6), eru gerðar athugasemdir við reikninga 5 viðskiptamanna stefnanda, og bendir það til þess, að endurskoðendurnir hafi endurskoðað bókfærslu hlutafélagsins yfirleitt, þar á meðal viðskiptareikninga einstakra viðskiptamanna, en við endurskoðun þessa, sem stefndum Gunnari Ólafssyni hefir verið falið að vinna að sem starfsmanni hlutafélagsins, verður eigi talið, að stefnandi hafi haft réttmæta ástæðu til að lita á hann sem umboðsmann firmans Gunnar Ólafsson & Co, þannig að firmað sé bundið við það, þó stefndur Gunnar Ólafsson léti það óatalið í endurskoðunarskýrslu sinni, hvernig reikningur firmans var færður í bókum hlutafélagsins, og verður því gegn mótmælum stefndra enginn réttur til handa stefnanda að því er framangreinda beituúttekt snertir byggður á umræddu endurskoðunarvottorði, enda hafa stefndir haldið því fram í málinu, að stefndur Gunnar Ólafsson hafi áður þrásinnis mótmælt þessum skuldalið í reikningi firmans, og vitnið Friðrik Þorsteinsson hefir borið og staðfest þann framburð sinn með eiði sínum, að stefndur Gunnar Ólafsson hafi, er umrædd endurskoðun fyrir árið 1929 fór fram, mótmælt þessum skuldalið við þáverandi framkvæmdarstjóra hlutafélagsins (stefnanda), Árna sál. Filippusson.

Stefndir hafa lagt fram í málinu staðfesta útskrift úr viðskiptamannahöfuðbók hins stefnda firma af viðskiptareikningi firmans við stefnanda, og ber reikningi þessum saman við reikning hlutafélagsins yfir viðskipti þessi nefnt ár að öðru en því, að samkv. reikningi stefndra er úttekt þeirra hjá hlutafélaginu kr. 2595.65 lægri heldur en samkvæmt reikningi hlutafélagsins, og samkvæmt reikningi stefndra skuldar hlutafélagið stefndu kr. 787.40 í árslok 1926. En ekkert hefir komið fram í málinu um, hvort stefndir hafi nokkurn tíma sent stefnanda reikning yfir þessi viðskipti, eins og þau eru færð í bókum firmans.

Vitnið Jón Ólafsson, sem var í stjórn fyrrnefnds hlutafélags frá því í ársbyrjun 1930 til 23. nóvember 1932, hefir borið það í málinu, að sér hafi verið kunnugt um það, er hann var í stjórn félagsins, að stefndur hafi neitað að borga framangreinda beifuúttekt, og að stefndur Gunnar Ólafsson hafi minnt á það við sig (vitnið), að strika bæri út umrædda skuld (úr bókum stefnanda).

Vitnið Gisli Jónsson, sem var í stjórn hlutafélagsins á árunum 1932 og 1933, hefir borið, að honum hafi verið kunnugt um á meðan hann var í stjórn félagsins, að stefndir teldu sér ekki skylt að greiða hlutafélaginu umrædda beituúttekt, að stefndir hafi skrifað hlutafélaginu bréf viðvikjandi því á árinu 1933, og að stefndur Gunnar Ólafsson hafi minnt á það við sig (vitnið).

Vitnið Magnús Guðmundsson hefir borið það, að stefnandi Ólafur Auðunsson hafi sagt sér (vitninu) á meðan vitnið var í stjórn hlutafélagsins, að stefndur Gunnar Ólafsson hafi neitað að greiða umrædda beituúttekt, en ekkert er upplýst um, hvenær vitni þetta var í stjórn hlutafélagsins.

Þá hefir og vitnið Friðrik Þorsteinsson, eins og að framman er dregið á, borið, að hann (vitnið) hafi, er hann ásamt stefndum Gunnari Ólafssyni endurskoðaði reikninga hlutafélagsins fyrir árið 1929, heyrt stefndan Gunnar Ólafsson taka það fram við þáverandi reikningshaldara (og framkvæmdarstjóra) hlutafélagsins (stefnanda), Árna sál. Filippusson, að umrædd beituúttekt vélbátanna Undinu og Enoks væri í heimildarleysi færð í reikning hins stefnda firma, að hann (stefndur Gunnar Ólafsson) hefði aldrei tekið á sig ábyrgð á greiðslu umræddrar beituúttektar né lofað að greiða hana, og að hann borgaði hana aldrei, og kveðst vitnið hafa skýrt formanni hlutafélagsstjórnarinnar og fleirum í stjórn félagsins frá þessu, er hann (vitnið) hafi verið reikningshaldari hjá hlutafélaginu. Vitni þetta hefir eigi borið neitt um, hvenær hann vann að umræddri endurskoðun með stefndum Gunnari Ólafssyni, en endurskoðunarskýrsla þeirra fyrir framangreint ár, sem lögð hefir verið fram í málinu (rskj. 6), er dags. 1. febrúar 1931, og virðist endurskoðunin því muni hafa verið framkvæmd í byrjun þess árs eða um næst liðin áramót. Síðastnefnt vitni hefir staðfest framangreindan framburð sinn með eiði sínum, en framburður hinna annara framan-greindra vitna hefir verið tekinn jafngildur og eiðfestur væri.

Stefnandi hefir viðurkennt, að stefndir hafi eftir lát Árna sál. Filippussonar, það er eftir að kom fram á árið 1932, haft í frammi við stefnanda mótmæli gegn umræddum skuldalið, en hefir mótmælt því, að þeir hafi nokkrum slíkum mótmælum hreyft á meðan Árni sál. Filippusson var

reikningshaldari og framkvæmdarstjóri hlutafélagsins, en hann virðist, þó það sé ekki beinlinis upplýst í málinu, hafa haft þau störf á hendi frá því áður en umrædd beituúttekt átti sér stað og þar til 1. september 1931, að stefnandi kveður hann hafa látið af því starfi.

Þó stefndir hafi ekki fært fram í málinu lögfulla sönnun fyrir því, að þeir hafi frá byrjun eða gagnvart Árna sál. Filuppssyni mótmælt umræddum skuldalið, verður að áliti réttarins að telja, að þeir hafi með framangreindum vitnaframburði Friðriks Þorsteinssonar og hinum öðrum framangreindum vitnaframburðum gert nægjulega líklega þá staðhæfingu sína, að þeir hafi frá öndverðu mótmælt umræddum skuldalið í viðskiptareikningi sínum hjá stefnda (þ. e. eftir að þeim var kunnugt um færsluna) og krafizt leiðréttingar á honum, þannig að þeir verði eigi vegna slíkra vantandi mótmæla taldir hafa samþykkt kröfulið þennan eða vera skyldir til þess að greiða hann, enda hefir, eins og að framan greinir, því ekki verið haldið fram af hálfu stefnanda, að stefndu hafi nokkru sinni verið sendur reikningur yfir viðskiptin.

Það hafa eigi verið færðar fram í málinu neinar sönnur fyrir því gegn mótmælum stefndu, að hið stefnda firma hafi séð um útgerð framangreindra vélbáta verzlunar A. Bjarnasen árið 1926, en stefndur Gunnar Ólafsson hefir viðurkennt, að hann hafi persónulega haft á hendi umsjón með útgerð þessari nefnt ár, en hefir eindregið mótmælt, að hann hafi þá tekið á sig nokkra ábyrgð á rekstri útgerðarinnar. Það er og viðurkennt af stefndu, að þeir hafi greitt beituúttekt hjá stefnanda fyrir umrædda báta árin 1924 og 1925, og að stefndur Gunnar Ólafsson hafi séð um sölu á fiskafila umræddra vélbáta árið 1926, sem og næstu ár á undan, en ekki verður þetta að áliti réttarins talin sönnun fyrir eða veita nægar líkur fyrir því, að hið stefnda firma hafi tekið að sér að greiða umrædda beituúttekt á árinu 1926. En vitnið Óskar Bjarnasen, sem eftir því sem upplýst er í málinu virðist hafa séð um umrædda útgerð verzlunar A. Bjarnasen, áður en stefndur Gunnar Ólafsson tók að sjá um hana, hefir borið, að eftir því sem hann bezt vissi um, hafi firmað Gunnar Ólafsson & Co enga ábyrgð borið á umræddri útgerð né séð um útgerðina, en stefndur Gunnar Ólafsson hafi séð um rekstur útgerðar þessarar árin 1924—

1926, og hafi hún þá verið rekin á ábyrgð nefndrar verzlunar og að mestu með lánsfé frá banka hér.

Að áliti réttarins hefir stefnandi því eigi fært fram í málinu nægar sönnur, gegn mótmælum stefndra, fyrir þeirri staðhæfingu sinni, að hið stefnda firma hafi upphaflega lofað að greiða stefnanda framangreinda beituúttekt fyrrnefndra báta né fyrir því, að hann hafi síðar lofað eða samþykkt að greiða stefnanda beituúttekt þessa, og með því að stefnandi hefir eigi haldið fram né sannað, að stefndir hafi í raun og veru greitt stefnanda umræddan skuldalið með einhverju af þeim verðmætum, sem upplýst er í málinu, að stefnandi hefir fengið frá stefndu, eftir að umrædd beituúttekt átti sér stað, þannig að stefndir skuldi aðeins vegna síðari úttektar hjá stefnanda, verður að áliti réttarins að sýkna stefndu af framangreindum skuldakröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandi hefir krafizt þess, að eftirtalin ummæli, sem stefndur Gunnar Ólafsson lét bóka í réttarhaldi í máli þessu þann 17. ágúst f. á., og sem stefnandi telur mjög meiðandi og móðgandi fyrir sig, verði dæmd dauð og ómerk, og að stefndur (G. Ó.) verði dæmdur í þyngstu sekt, sem lög leyfa, fyrir meiðyrði og ósæmilegan rithátt:

1. „... að allt, sem í því (þ. e. stefnunni í málinu á rskj. nr. 1) stendur og máli skiptir, er ósatt ..“
2. „að þeir, sem málið reka, vita það vel, að skuldakrafan er fölsk ..“
3. „... fann formaður félagsstjórnarinnar ásamt hjálparmanni sínum, sem allir þekkja, og sem þó ekki er í félagsstjórn, upp á því að krefja um þessa fölsku skuld.“
4. „Ég mótmæli kröfunni, eins og áður, sem óréttmætri og falskri.“
5. „að nú taka þeir (þ. e. stefnendur) upp á því að gera dauðum manni upp orð og athafnir.“
6. „Ég endurtek það enn, að krafan er fölsk, og það meira að segja visvitandi.“
7. „... eins og sviksamlega hefir verið skuldað í reikning ..“
8. „þetta vita stefnendur og vel (þ. e., að stefndir hafi aldrei lofað að borga hina umþrættu skuld), þó þeir hinsvegar hafi viljað krækja í þessar krónur til þess að bæta fyrir aðrar skyzur.“

9. „að skuldakrafa sú, er hér um ræðir, sé röng, og að þeir (þ. e. stefnendur) viti, að hún er röng.“
 10. „.. að ég hefi grun um og enda staðhæfi, að hún (þ. e. skuldakrafan) sé ekki réttur útdráttur úr bókunum.“

Þar eð eigi hefir verið höfðað sérstaklega mál gegn stefndum Gunnari Ólafssyni (hvorki sem sérstakt mál né sem framhaldssök í þessu máli) út af framangreindum ummælum, þá verður hann þegar af þeirri ástæðu eigi dæmdur fyrir þau samkvæmt meidýrðalöggjöfinni, eins og stefnandi hefir krafizt, og kemur því aðeins til athugunar, hvort líta beri á ummæli þessi sem ósæmilegan rithátt, þannig að dæma beri þau dauð og ómerk eða sekta stefndan Gunnar Ólafsson fyrir þau af þeim ástæðum.

Ummælin, sem talin eru undir 1, 5 og 10 hér að framan, verða að álitu réttarins eigi talin ósæmileg, þannig að beri að dæma þau dauð og ómerk eða sekta stefnda fyrir þau, en hin tilvitnuðu ummæli undir 2—4 og 6—9 hér að framan ber að álitu réttarins að dæma dauð og ómerk og láta stefndan Gunnar Ólafsson sæta sekt fyrir þau, er þykir hæfilega ákveðin 30 krónur, er renni í bæjarsjóð Vestmannaeyja-kaupstaðar, og komi þriggja daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Stefndir hafa krafizt þess, að eftirtalin ummæli umboðsmanns stefnanda í sóknarskjali, sem lagt hefir verið fram í málinu sem rskj. nr. 17, um stefndan Gunnar Ólafsson, verði dæmd dauð og ómerk, og umboðsmaður stefnanda, Guðm. Guðmundsson lögfr., verði dæmdur í sekt fyrir þau.

„.. að háttvirtur mótpartur (G. Ó.) hafi einhvern tíma eftir lát Árna sál. Filippussonar farið að hugsa til að smokka firma sínu undan að greiða þessa Dagsbrúnarbátáúttekt, fyrr hefir honum ekki komið það til hugar.“

Þar eð með þessum ummælum verður að telja, að dróttað sé að fyrrnefndum manni (stefndum G. Ó.), að hann hafi viljað koma firma sínu hjá að greiða skuld, sem hann hafi vitað eða álitit að væri réttmæt (þ. e. gegn betri vitund), verður að telja ummæli þessi ósæmileg, þannig að, þar eð þau hafa eigi verið réttlætt, ber að dæma þau dauð og ómerk, en eigi eru þau þó þannig vaxin, að næg ástæða þyki til að sekta fyrir þau.

Samkvæmt framangreindum úrslitum ber að álitu réttar-

ins að dæma stefnanda til þess að greiða stefndum málskostnað í máli þessu, er þykir hæfilega ákveðinn 100 krónur.

Dómur hefir ekki verið kveðinn upp í máli þessu fyrr en nú vegna anna dómarsans, enda málið talsvert umfangsmikið.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndir, Gunnar Ólafsson, Jóhann Þ. Jósefsson og Sig. Gunnarsson f. h. firmans Gunnar Ólafsson & Co, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Ólafs Auðunssonar f. h. Ísfélags Vestmannaeyja h/f, í máli þessu.

Framangreind ummæli stefnds Gunnars Ólafssonar skulu dauð og ómerk, og greiði hann (G. Ó.) 30 króna sekt til bæjarsjóðs Vestmannaeyjakaupstaðar, og komi 3ja daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreind ummæli umboðsm. stefnanda, Guðm. Guðmundssonar lögfr., skulu vera dauð og ómerk.

Stefnandi, Ólafur Auðunsson f. h. Ísfélags Vestmannaeyja h/f, greiði stefndu 100 krónur í málskostnað innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. febrúar 1938.

Nr. 81/1937. **Réttvísinn** (Garðar Þorsteinsson)
gegn

Hannesi Hanssyni og
Ögmundi Friðriki Hannessyni
(Eggert Claessen).

Ólögleg meðferð fundins fjár.

Varadómari prófessor Ísleifur Árnason í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Það er sannað með játningu ákærða Ögmundar Friðriks Hannessonar og skýrslum vitna, að þann